

**Gunnar Gunnarsson
skrifar um útvarp:**

„Hversdagsdraumur“
Birgis Engilberts í leikgerð sjónvarpsins var sérlega ánægjulegur viðburður.

Einþáttungur þessi, sem er hinn beztí sem frá þessum forvitnilega höfundum hefur komið var vel fluttur, hnyttu höfundar kom vel til skila í meðförum Margrétar Guðmundsdóttur og Bessa Bjarnasonar.

Eg var fyllilega sáttur við leikstjórn, en það, sem gaf sýningunni hvað magnabastan blá, var leikmynd höfundar sjálfs. Birgir er greinilega hugmyndaríkur — og þótt hann virðist á köflum svöltið grunnfærinn, þá tel ég hann hiklaust í fremstu röð þeirra manna, sem skrifað hafa fyrir sjónvarpið.

Leikgerð „Hversdagsdraums“ á án efa eftir að sjást víðar, bæði á sviði og á skjá, heldur en hingað til hefur verið, en einþáttungurinn mun hafa verið frumsýndur í fyrri í Þjóðleikhúsinu með sömu leikurum og leikstjóra. Þá sýningu sá ég ekki — og er raunar hálfveginn því, vegna þess að ég vil muna þennan þátt, eins og sjónvarpið sýndi hann.

Það er allnokkuð um líðið síðan Birgir Engilberts kom fyrst fram á sviði með einþátunga, og satt að segja saknar maður þess, að hann skuli ekki vera ögn duglegri með pennann, en eins og kunnugt er, þá er Birgir leiktjaldamálari að mennt og atvinnu og hefur ritverkin að tómsundagarni, eins og svo margir íslenskir rit höfundar verða að gera.

Sér í gegnum drauminn

Sem fyrr segir get ég ekki annað en verið sáttur við leikgerð sjónvarpsins á Hversdagsdraumi, en hitt er svo annað mál, að svo grunnfærinn, opin ská ádeila á hversdagslífi fólks verður ekki sérlega oddhvöss. — Birgir er ekki að benda fólki á neitt það, sem menn ekki vita fyrir. Og þeir sem ekki gera sér grein fyrir tragedíu og tilgangsleysi hversdagslífs venjulegrar vísitölufjölskyldu — skilja ekki heldur opin ská ádeila.

Og þá rekur mann beint að kjarna „Hversdagsdraums“ Birgis: Hann er ekki leikskáld vegna þess að hann er orðhagur og útsjónarsamur — heldur vegna þess, að hann sér í gegnum drauminn, þekkir vanda persóna sinna og finnur til samþúsar.

Með bezta móti

Mér virðist sjónvarpsdagskráin með bezta móti á þessu hausti. Nokkrir framhaldsmyndaflökkar eru í gangi, og allir forvitnilegir, hver á sinn hátt. Eg set „Mannaveiðar“ ofarlega á blaðið — það er einkar vel unnin saría, þrungin spennu, málfar höfundar er magnað og söguþráðurinn með hæfilegum ólíkindum.

Brenda, auminginn, stendur kannski ekki jafnfætis Vincent og félögum, en efni myndaflokksins er mjög við hæfi á þessum tímum, eins og bent hefur verið á hér á þessari síðu.

A sunnudaginn fór svo „Stríð og friður“ Bondarsjúks í gang, og aðeins efnisins vegna hlýtur myndin að vekja áhuga.

Í Rússlandi var myndin sýnd í einni lotu og í upphaflegri gerð. Herma sögur, að Sovétborgarar hafi setið í kvikmyndahúsinu alla átta tímana í gegnum og líkað vel. Þar með er ekki sagt, að hið langdregna verk Bondarsjúks gangi eins og smjör í mörlandann — við erum ekki aldri upp á þeirri mærb, sem rússneskir kvikmyndamenn hafa tíðum tamið sér — en engu skal hér spáð um þessa mynd, verst ef samkvæmislífinu í Moskvu verður

Brúnaþungir alvörumenn

Engilberts í fremstu röð



Margrét og Bessi í „Hversdagsdraumi“.

fylgt mjög náði í myndinni. En sjáum hvað setur.
Landshornið í umsjá fjölda

manns virðist nú vera komið nokkuð vel á flot. Eg hef einhvern veginn dregið það að segja orð

um þáttinn, en hálf finnst mér hann vera slappur enn sem komið er.

Engu er líkara en hinir mörgu spyrjendur séu taugaslappir á köflum og nálgist jafnvel fórnarlömb sín af gamaldags lotningu... en það kjarnalið sem að þáttinum stendur, hlýtur að spjara sig, þegar liður á vetur.

Brúnaþungir alvörumenn

Það hefur löngum viljað brenna við, að allt það sem kallast má skemmtiefni, hvort sem um er að ræða einhvers konar gamanmál eða skopstælingar, lendi útundan í „alvörudagskránni“ yfir veturinn.

Nú er það staðreynd, að það eru ekki mestu grinfluglar og háðpésar þjóðarinnar, sem sitja í hinum plussfóðruðu hæginda-stólum Ríkisútvarpsins, og gengur illa að kenna því góða fólki að kima. Og mér gengur illa að skilja, hvernig á því stendur, að allar tilraunir Ríkisútvarpsins til að létta aðeins á búrinni, renna út í sandinn. Það er í hæsta lagi, að náð er í Svavar Gestis og hann látinn dusta rykið af sínum gömlu og „bröndurum“, eða fengnir eru í sjónvarpið poppdrengir, sem glamra sér og sínum að meinalausu.

Menn verða að gera sér grein fyrir, að nú er að ganga í garð hið hættulega skammdegi, þegar víxlar taka að falla, sjálfmörðum að fjölga og miðlabækurnar ryðjast í bókabúðir. Það er einmitt útvarpið, sem á að sjá fyrir hæfilega styrkum öryggisventli til að létta á skammdegis þunganum og blása burtu hættu-merkjunum.

Gagnrýni í útvarpi

Ekki hefur neitt heyrst ennþá um ákvörðun eða aðgerðir af hálfu útvarpsráðs í máli Ólafs Kvaran í sjónvarpsþættinum Vöku á laugardag. En þá bar svo við að flutt var skýr og skorinorð skoðun á myndlist í þættinum — í þessu tilfelli sýningu Sverris Haraldssonar í Klömbrum.

Eins og vænta mátti hljóp þetta nýmáli brátt fyrir brjóstið á ýmsum áhorfendum sjónvarpsins. Morgunblaðið talaði á þriðjudaginn um „örökstudda sleggjudóma“ um list Sverris í þættinum, og hafði það eftir Birni Th. Björnssyni, sem hingað til hefur annast um myndlistarefnið í Vöku að í þessum þætti ætti að réttu lagi að vera um „kynningu“ en ekki „gagnrýni“ myndlistar að ræða. Og Sverrir Haraldsson svaraði skilmerkilega fyrir sig — eitthvað á þá leið að umsögnin í sjónvarpinu hefði verið mjög á sama veg og talað hafi verið um verk hans á bak undanfarin 12 ár í hóp kollega sem öðruvísi mála en Sverrir sjálfur

Skodanir eða auglýsingar

Nú ætla ég ekki að fara neitt lengra út í smekk og skoðanir manna á hinum seinni verkum Sverris Haraldssonar. Hvernig sem dómar falla um þau hygg ég að alls ekki verði vefengt að Sverrir hefur í meir en 20 ár verið í hópi okkar allra fremstu málara, líkast til sá sem mestan áhuga og addáun hefur vakið


allra myndlistarmanna af yngri kynsöð, á meðal annars vegna þess hve sviptingarnar og átökin hafa verið mikil í list hans og fjölbreytnin að því skapi, hve fjarri það hefur alla tíð verið Sverri að læsa sig fastan í formúlu, eins og Elísabet Gunnarsdóttir lýsti í grein sinni um sýningu Sverris hér í blaðinu á laugardaginn var. Sverrir Haraldsson er svo mikilshattar listamaður að hann stendur jafnréttur þótt neikvæðar umsagnir birtist um verk hans, einnig í sjónvarpi ef svo ber undir.

En það verður fróðlegt að sjá hvaða hlutverk Vöku verður ætlað eftirleidis, hvort umsögn Ólafs Kvaran um Sverri boðar stefnubreytingu í þættinum eða hvort lítið verður á hana sem slys eða afbrot. Og það sem á við Vöku á jafnframt einnig við ýmsa þætti í útvarpi um bókmenntir og listir og önnur menningarmál.

Misskilningur hygg ég að það sé að þættir eins og þessi eigi fyrst og fremst að annast um frásögn af bókmenntum og listum, „kynningu“ efnisins allt að ókeypis auglýsingum, eins og einatt hefur verið raunin um leiklistarefnið í Vöku. Myndlistarþættir Björns Th. hafa á hinn bóginn verið með ásjálegasta efni í þessum þætti, minnsta kosti ef menn una vel hinum íburðarmikla, lotulanga frásagnarhætti Björns, frásagnir og viðtöl við myndlistarmenn, einatt aukin loflegum umsögnum um verk þeirra. Jákvæð umsögn er væntanlega „gagnrýni“ ekki síður en neikvæð. Gagnrýnið mat er þegar falið í vali efnis til frásagnar og flutnings, ákvörðun þess um hvaða myndlistarsýningu bók eða leikrit skuli fjallað, og hverjar ekki, í þætti eins og Vöku.

En það mun stafa af margfrægum ákvæðum um „óhlutdrægni“ útvarps um menn og

málefni að stofnunin hefur aldrei treyst til að halda uppi af sinni hálfu samfelldri gagnrýni, reglulegum umsögnum um bókmenntir, leiklist, tónlist, myndlist, o.s.frv. í líkingu við það sem blöðin gera. Og það er fyrst




Sverrir Haraldsson.

og fremt vegna þessara starfshátta að einstakir neikvæðir dómar, ef svo ber þrátt fyrir allt undir að kveðið sé upp úr um einhverjar slíkar skoðanir í útvarpinu, virðast ranglátir gagnvart þeim mönnum sem fyrir verða.

Gagnrýni og ritstjórn

Það er bággt að sjá að við svo búið verði að standa, að útvarp geti ekki, ef það vill, tekið upp af sinni hálfu gagnrýni um það sem á hverjum tíma er að gerast í bókmenntum, myndlist, leiklist, tónlist, kvikmyndum, sem reglulegt útvarps efni. Það segir sig sjálfst af slíkar umsagnir yrðu fluttar af tilteknum mönnum, auðvitað birtar á þeirra ábyrgð, að setja yrði ákveðnar reglur um val og meðferð efnisins, í stystu máli sagt yrði að flytja það eins og annað útvarps efni undir ákveðinni rit-



DAGBÓK

Eftir

Ólaf Jónsson

stjórn. Hún yrði á meðal annars að gæta þess að gagnrýni í útvarpi mótaðist ekki um of af einstaklingsbundnum smekk og skoðunum eða hagsmunum tiltekinnna skoðana hópa. Gagnrýnin yrði í stystu máli sagt að vera sjálfstæð og ábyrg, flutt af fólki sem er þess umkomandi að hafa í fyrsta lagi skynsamlegar skoðanir, og í öðru lagi að standa fyrir máli sínu. Hitt er vitanlega fráleitt að ætla sér að hanna að smekkur og skoðanir manna á þessum viðfangsefnum komi fram í útvarpi. Það er meir en fráleitt: það er ekki hægt.

Annad mál er svo það hvort menn telja æskilegt að gagnrýni og umsagnir yrðu reglulegt útvarps efni eins og það er reglulegt blaðefni. En alltend yrði slíkt efni í útvarpi til að stuðla að aukinni umræðu, skoðana-skriptum, um það sem fram fer í menningarlífinu og stuðla að því skapi að aukinni eftirtekt og áhuga. Og það er þarflegt.

En vegna þessa óleysta viðfangsefnis verður fróðlegt að sjá hvað gerist, ef nokkuð gerist, út af máli Ólafs Kvaran í Vöku — og kemur því í sjálfu sér ekkert við hvort hann hafði rétt eða rangt fyrir sér um verk Sverris Haraldssonar, flutt sleggjudóma og baktal eða rétta og raunhæfa gagnrýni.